

Fyrirspurn

til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um auðkenningarleiðir.

Frá Andrésemi Inga Jónssyni.

1. Hvaða opinberu auðkenningarleiðir standa til boða sem uppfylla
 - a. lágt fullvissustig,
 - b. verulegt fullvissustig,
 - c. hátt fullvissustig?
2. Hvaða mat fer fram til að tryggja að styrkur auðkenningarleiðar sé í samræmi við viðkvæmni þeirrar þjónustu sem stofnun veitir áður en ákvörðun er tekin um það fullvissustig sem fyrir valinu verður? Er tryggt að slíkt mat fari ávallt fram við innleiðingu aðgangsstýringar að rafrænni þjónustu hins opinbera?
3. Hvernig er tryggt að sérstakt tillit sé tekið til möguleika viðkvæmra hópa á að nýta sér rafræna þjónustu þegar mat fer fram á því hversu hás fullvissustigs er krafist af auðkenningarleið?
4. Hvernig er litið til möguleika fólks sem búsett er erlendis til að nota auðkenningarleiðir að opinberri þjónustu?

Munnlegt svar óskast.
